



Spáum 2,6% ársverðbólgu í mars

Hagstofan birtir vísitölu neysluverðs mánudaginn 26. mars. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,4% hækkun vísitölnunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir eykst ársverðbólgan úr 2,3% í 2,6% og fer þar með upp fyrir verðbólguþá Seðlabankans. Það verður þá í fyrsta skipti í rúm 4 ár sem verðbólgan er yfir markmiði en það gerðist síðast í janúar árið 2014.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,6% milli mánaða í febrúar. Þetta var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,6% til +0,7%. Við höfðum spáð +0,7%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:


- Verðþróun á **fötum og skóm** það sem af er ári hefur verið með hefðbundnum hætti. Þessi liður lækkaði um 10% milli mánaða í janúar en hækkaði um 4,9% í febrúar. Við gerum ráð um 6% hækkun milli mánaða í mars og að verð á fötum og skóm verði svipað og í desember í fyrra.
- Greinendum hefur gengið óvenjuilla að átta sig á **reiknaðri húsaleigu** síðustu mánuði. Til að mynda spáði Íslandsbanki lækkan, Arion banki óbreyttu og Landsbankinn hækkan milli mánaða í febrúar, en mjög óvenjulegt er að greinendum beri ekki saman um formerki á einhverum undirlið VNV. Raunin var að þessi liður hækkaði milli mánaða í febrúar og heldur meira en við bjuggumst við. Við spáum að þessi liður hækki svipað milli mánaða í mars og var í febrúar.
- Við gerum ráð fyrir að **flugfargjöld til útlanda** hækki milli mánaða og verði svipuð og í mars fyrra.
- Við gerum ráð fyrir lækkan á verði **ökutækja** vegna gengisbreytinga.

Verð á evru hefur lækkað um 1,2% og verð á Bandaríkjadal um 1,8% milli verðkannana.

Spá okkar um hækkun milli mánaða í mars er 0,1 prósentustigi hærri en bráðabirgðaspáin sem við birtum um miðjan febrúar. Það skýrist af því að við höfum hækkað spá okkar um breytingu milli mánaða á reiknaðri húsaleigu og flugfargjöldum til útlanda.

	Vægi í VNV	Spá Breyting	Áhrif
Föt og skór	3,3%	5,97%	0,20%
Reiknuð húsaleiga	20,4%	0,60%	0,12%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	5,35%	0,06%
Heilsa	3,9%	0,55%	0,02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	0,12%	0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	6,2%	0,24%	0,01%
Tómst. og menning	9,7%	0,10%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,06%	0,00%
Póstur og sími	2,2%	0,08%	0,00%
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,01%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,3%	0,02%	0,00%
Menntun	0,9%	0,00%	0,00%
Bensín	1,9%	0,00%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,8%	-0,05%	0,00%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	-0,29%	-0,01%
Kaup ökutækja	7,0%	-0,39%	-0,03%
Alls	100,0%		0,41%

Mánaðarbreyting VNV í mars



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild




Gerum ráð fyrir 2,6% ársverðbólgu í mars

- **Apríl: +0,1%**
Almennt er apríl mjög tíðindalítill verðbólgu mánuður.
- **Maí: +0,2%**
Maí er einnig oftast tíðindalítill mánuður.
- **Júní: +0,1%**
Júní er einnig oftast tíðindalítill mánuður.

Gangi spáin eftir fer ársverðbólgan aftur niður fyrir verðbólgu markmið í apríl og verða áfram undir markmiði úr júní.

Engin breyting er á spám okkar um breytingu milli mánaða í apríl eða maí frá seinustu birtu spá okkar.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.